

Svalbarðsstrandarhreppur
Ársreikningur 2017

Svalbarðsstrandarhreppur
Ráðhúsinu
601 Akureyri

Kt. 640269-2279

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur Svalbarðsstrandarhrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 380,0 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 372,8 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,385% en lögbundið hámark þess er 0,625%. Í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall. Í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,2% en lögbundið hámark þess er 1,65%.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð sem nam 17,7 millj. kr., og rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð sem nam 21,0 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 621,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta um 616,6 millj. kr.

Ársreikningur Svalbarðsstrandarhrepps fyrir árið 2017 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Svalbarðsstrandarhreppi, 18/4 2018.

Sveitarstjóri:

Ársreikningur Svalbarðsstrandarhrepps fyrir árið 2017 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Svalbarðsstrandarhreppi, 3/5 2018.

Sveitarstjórn:

Hauddögju.

Guðfinna Skimmi

ANNA KAREN ULFARSDÓTTIR

Ólafur R Ólafsson.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Svalbarðsstrandarhrepps fyrir árið 2017 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Sveitarstjórn og sveitarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að vika frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við sveitarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjóra og sveitarstjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 3. maí 2018.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016
Rekstrartekjur							
Skatttekjur án framl. Jöfnunarsjóðs ...	4	251.899	244.565	254.379	251.116	243.958	254.205
Framlög Jöfnunarsjóðs	4	94.074	81.665	81.418	94.074	81.665	81.418
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	4	26.847	23.555	30.629	34.772	30.729	34.463
		<u>372.820</u>	<u>349.785</u>	<u>366.426</u>	<u>379.962</u>	<u>356.352</u>	<u>370.086</u>
Rekstrargjöld							
Laun og launatengd gjöld	5	209.015	208.582	185.617	209.015	208.582	185.617
Annar rekstrarkostnaður		133.089	117.351	144.704	136.880	118.344	145.367
		<u>342.104</u>	<u>325.933</u>	<u>330.321</u>	<u>345.895</u>	<u>326.926</u>	<u>330.984</u>
Rekstrarniðurst. fyrir afskriftir		30.716	23.852	36.105	34.067	29.426	39.102
Afskriftir	8	(19.416)	(19.110)	(19.696)	(21.622)	(21.665)	(20.179)
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda		11.301	4.742	16.409	12.446	7.761	18.923
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	6	9.716	8.789	3.537	5.216	3.439	3.146
Rekstrarniðurstaða	12	<u>21.017</u>	<u>13.531</u>	<u>19.946</u>	<u>17.662</u>	<u>11.200</u>	<u>22.069</u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2017	2016	2017	2016
Fastafjármunir					
Rekstrarfjármunir:					
Fasteignir, lóðir og lendur		274.038	282.254	350.228	390.291
Veitukerfi og götur		98.233	64.932	103.062	69.882
Vélar, áhöld og tæki		13.683	16.068	13.683	16.068
	8	385.954	363.254	466.972	476.242
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	9	44.550	43.514	44.550	43.514
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	10	64.134	65.266	0	0
		108.684	108.779	44.550	43.514
Fastafjármunir		494.638	472.033	511.522	519.755
Veltufjármunir					
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur	11	17.226	17.855	17.226	17.855
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		7.669	32.593	0	0
Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki	10	2.263	2.127	0	0
Aðrar skammtímakröfur	11	14.283	14.958	14.283	14.958
Handbært fé		133.312	108.706	133.312	108.706
Veltufjármunir		174.755	176.239	164.822	141.519
Eignir samtals		669.392	648.273	676.344	661.275

31. desember 2017

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		2017	2016	2017	2016
Eigið fé					
Eiginfjárreikningur	12	616.589	591.458	620.995	599.219
Langtímaskuldir					
Skuldir við lánastofnanir	13	0	0	12.103	12.256
		0	0	12.103	12.256
Skammtímaskuldir					
Skuldir við eigin fyrirtæki		9.943	7.391	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	13	0	0	365	355
Aðrar skammtímaskuldir		42.860	49.423	42.881	49.444
		52.803	56.814	43.246	49.799
Skuldir og skuldbindingar samtals		52.803	56.814	55.350	62.056
Eigið fé og skuldir samtals		669.392	648.273	676.344	661.275

Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings 15

Sjóðstreymisýfirlit árið 2017

	Skýr	A hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarniðurstaða	12	21.017	13.531	19.946	17.662	11.200	22.069
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir	8	19.416	19.110	19.696	21.622	21.665	20.179
Verðbætur langtímalíða	6 (1.147)	(1.922)	0	215	378	263
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna		0	0	0	1.363	0	0
Sóluþap hlutabréfa		0	0	726	0	0	726
Veltufé frá rekstri		39.285	30.719	40.367	40.862	33.243	43.237
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:							
Oinnheimtar tekjur, breyting		629	0	5.335	629	0	5.335
Skammtímakröfur, breyting		675	0	142	675	0	142
Skammtímaskuldir, breyting		7.639	0	2.040	7.639	0	2.040
Samtals		8.942	0	7.517	8.942	0	7.517
Handbært fé frá rekstri		48.227	30.719	47.884	49.804	33.243	50.754
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	8 (38.002)	(35.400)	(20.688)	(38.002)	(35.400)	(110.122)
Söluverð rekstrarfjármuna		0	0	0	28.400	28.800	0
Eignarhlutir í félögum, breyting		(1.036)	(800)	(347)	(1.036)	(800)	(347)
Langtímakr. á eigin fyrirtæki, breyting	10	2.143	3.441	(67.393)	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		(36.895)	(32.759)	(88.427)	(10.638)	(7.400)	(110.469)
Fjármögnunarhreyfingar							
Viðskiptastaða eigin ft, breyting		27.475	27.518	(19.521)	0	0	0
Afborganir langtímalána	13	0	0	0	(358)	(365)	(349)
Skammtímalán, breyting		(14.202)	0	14.202	(14.202)	0	14.202
Fjármögnunarhreyfingar		13.274	27.518	(5.319)	(14.560)	(365)	13.853
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		24.606	25.478	(45.862)	24.606	25.478	(45.862)
Handbært fé í ársbyrjun		108.706	69.368	154.568	108.706	69.368	154.568
Handbært fé í árslok		133.312	94.846	108.706	133.312	94.846	108.706

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Svalbarðsstrandarhreppur er sveitarfélag á Norðurlandi og var fjöldi íbúa þess 482 þann 1. desember 2017. Skrifstofa sveitarfélagsins er í Ráðhúsinu á Svalbarðsströnd.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnáætlunar og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Svalbarðsstrandarhrepps árið 2017 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Fráveita og Leiguíbúðir.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður og er gerður í íslenskum krónum.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyrar útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söliverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlagsviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í árslok. Verðlagsbreytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

d. Rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast álögð gagnagerðargjöld og önnur framlög og endurgreiðslur vegna stofnkostnaðar.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

e. Afskriftir rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	10 - 40 ár
Veitukerfi og götur.....	25 ár
Vélar, áhöld og tæki.....	3 - 10 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisryrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

h. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

i. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

j. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 15.

k. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

l. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2017 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisýfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykkttri fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 19.

Skýringar, frh.:

4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016
Útsvar og fasteignaskattur:						
Útsvar.....	219.112	211.500	226.770	219.112	211.500	226.770
Fasteignaskattur.....	32.787	33.065	27.609	32.004	32.458	27.435
	251.899	244.565	254.379	251.116	243.958	254.205
Framlög Jöfnunarsjóðs:						
Framlag vegna fasteignaskatts..	13.906	12.957	12.684	13.906	12.957	12.684
Framlag vegna útgjaldajöfnunar..	47.793	40.280	45.310	47.793	40.280	45.310
Framlag vegna grunnskóla.....	30.037	27.078	22.093	30.037	27.078	22.093
Önnur framlög.....	2.338	1.350	1.330	2.338	1.350	1.330
	94.074	81.665	81.418	94.074	81.665	81.418
Skatttekjur samtals	345.973	326.230	335.797	345.190	325.623	335.623
Aðrar tekjur:						
Aðrar tekjur.....	26.847	23.555	30.629	34.772	30.729	34.463
Rekstrartekjur samtals.....	372.820	349.785	366.426	379.962	356.352	370.086

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	160.172	166.210	148.248	160.172	166.210	148.248
Launatengd gjöld	43.394	42.372	37.369	43.394	42.372	37.369
Framlög vegna uppgjörs						
A deildar Brúar lífeyrissjóðs....	5.449	0	0	5.449	0	0
Laun og launatengd gjöld samtals ..	209.015	208.582	185.617	209.015	208.582	185.617
				2017	2016	
Ársverk				29	27	
Laun sveitarstjóra og sveitarstjórnar.....				15.947	13.852	

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016
Vaxtatekjur og arður	9.100	7.484	4.387	6.089	4.559	4.387
Vaxtagjöld	(532)	(617)	(850)	(658)	(743)	(977)
Verðbætur.....	1.147	1.922	0	(215)	(378)	(263)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	9.716	8.789	3.537	5.216	3.439	3.146

Skýringar, frh.:

7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017 með viðaukum	Ársreikningur 2016
Aðalsjóður:			
Skatttekjur	351.572	331.527	341.054
Félagsþjónusta	(17.818)	(17.967)	(15.242)
Heilbrigðismál	(538)	(688)	(2.446)
Fræðslu- og uppeldismál	(229.090)	(228.703)	(211.793)
Menningarmál	(6.108)	(5.647)	(5.592)
Æskulýðs- og íþróttamál	(24.994)	(24.849)	(25.334)
Brunamál og almannavarnir	(5.604)	(5.265)	(6.465)
Hreinlætismál	(8.607)	(11.907)	(9.647)
Skipulags- og byggingarmál	(8.016)	(6.205)	(4.338)
Umferðar- og samgöngumál	(11.319)	(11.385)	(16.437)
Umhverfismál	(10.347)	(8.220)	(14.822)
Atvinnumál	(1.497)	(1.234)	(8.761)
Sameiginlegur kostnaður	(46.735)	(44.231)	(40.334)
Lífeyrisskuldbinding, breyting	(5.449)	0	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	23.782	25.760	18.914
Aðalsjóður samtals	(766)	(9.014)	(1.243)
A hluta stofnanir:			
Eignasjóður	21.783	22.545	21.189
A hluti samtals	21.017	13.531	19.946
B hluta fyrirtæki:			
Fráveita	2.430	1.947	1.934
Leiguíbúðir	(5.785)	(4.278)	189
A og B hluti samtals	17.662	11.200	22.069

8. Rekstrarfjármunir

a. Bókfært verð

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir, lóðir og lendur	Götur	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A hluti:				
Heildarverð 1.1.2017	474.708	74.256	27.008	575.973
Afskrifað áður	(192.454)	(9.324)	(10.940)	(212.719)
Bókfært verð 1.1.2017	282.254	64.932	16.068	363.254
Viðbót á árinu	1.609	36.393	0	38.002
Endurmat lóða og lendna	4.114	0	0	4.114
Afskrifað á árinu	(13.939)	(3.092)	(2.385)	(19.416)
Bókfært verð 31.12.2017	274.038	98.233	13.683	385.954
Heildarverð 31.12.2017	480.431	110.649	27.008	618.088
Afskrifað samtals	(206.393)	(12.416)	(13.326)	(232.134)
Bókfært verð 31.12.2017	274.038	98.233	13.683	385.954
Afskriftarhlutföll	2,5 - 10,0%	4,0%	10,0 - 33,3%	

Skýringar, frh.:

8. Rekstrarfjármunir, frh.:

	Fasteignir, lóðir og lendur	Veitukerfi og götur	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
A og B hluti:				
Heildarverð 1.1.2017	587.855	102.624	27.008	717.487
Afskrifað áður	(197.563)	(32.742)	(10.940)	(241.245)
Bókfært verð 1.1.2017	390.291	69.882	16.068	476.242
Viðbót á árinu	1.609	36.393	0	38.002
Selt og fært út á árinu	(29.763)	0	0	(29.763)
Endurmat lóða og lendna	4.114	0	0	4.114
Afskrifað á árinu	(16.023)	(3.213)	(2.385)	(21.622)
Bókfært verð 31.12.2017	350.228	103.062	13.683	466.972
Heildarverð 31.12.2017	563.814	139.016	27.008	729.839
Afskrifað samtals	(213.587)	(35.955)	(13.326)	(262.867)
Bókfært verð 31.12.2017	350.228	103.062	13.683	466.972
Afskriftarhlutföll	2,5 - 10,0%	4,0%	10,0 - 33,3%	

b. Fjárfesting

Fjárfesting í rekstrarfjármunum á árinu:

	Fjárfesting 2017	Áætlun 2017 með viðaukum
A hluti.....	38.002	35.400
Samtals A og B hluti	38.002	35.400

c. Fasteignamat og váttryggingaverð

Brunabótamat, fasteignamat og váttryggingaverð rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok:

	A hluti	A og B hluti
Brunabótamat fasteigna.....	766.430	865.380
Fasteignamat.....	182.389	238.839
Váttryggingaverðmæti lausafjármuna.....	53.089	53.089
Váttryggingaverðmæti veitumannvirkja.....		56.400

9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur		Bókfært verð	
	A hluti	A og B hluti	A hluti	A og B hluti
Fiskey hf., Akureyri	0,0%	0,0%	342	342
Flokkun Eyjafjörður ehf., Akureyri	1,7%	1,7%	4.295	4.295
Greið leið ehf., Akureyri	1,6%	1,6%	5.965	5.965
Landskerfi bókasafna hf., Reykjavík	0,1%	0,1%	210	210
Lánasjóður sveitarfélaga ohf., Reykjavík	0,2%	0,2%	15.680	15.680
Molta ehf., Eyjafjarðarsveit	0,3%	0,3%	569	569
Norðurorka hf., Akureyri	0,5%	0,5%	18.400	18.400
			45.462	45.462
Niðurfærsla eignarhluta.....			(912)	(912)
Eignarhlutir í félögum samtals.....			44.550	44.550

Skýringar, frh.:

10. Langtímakröfur

Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig:	A hluti	A og B hluti
Staða langtímakrafna í ársbyrjun	67.393	0
Afborgun á árinu	(2.143)	0
Verðbætur	1.147	0
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	66.397	0
Næsta árs afborganir	(2.263)	0
Langtímakröfur samtals.....	64.134	0
Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2018	2.263	0
Árið 2019	2.367	0
Árið 2020	2.476	0
Árið 2021	2.590	0
Árið 2022	2.709	0
Síðar	53.991	0
Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	66.397	0

11. Skammtímakröfur

Óinnheimtar tekjur greinast þannig:		
Óinnheimtar skatttekjur.....	16.377	16.377
Óinnheimtar aðrar tekjur.....	849	849
Óinnheimtar tekjur í árslok	17.226	17.226
Niðurfærsla óinnhemtra tekna og annarra skammtímakrafna greinist þannig:		
Niðurfærsla í ársbyrjun	9.800	9.800
Niðurfærsla, breyting á árinu.....	3.600	3.600
Niðurfærsla í árslok	13.400	13.400

12. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:		
Eigið fé 1.1.2017.....	591.458	599.219
Endurmat lóða og lendna.....	4.114	4.114
Rekstrarniðurstaða ársins.....	21.017	17.662
Eigið fé 31.12.2017.....	616.589	620.995

13. Langtímaskuldir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:	Verðtryggð lán
A og B hluti:	
Langtímaskuldir í ársbyrjun	12.611
Afborganir af lánum	(358)
Verðbætur.....	215
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	12.468
Næsta árs afborganir	(365)
Langtímaskuldir samtals.....	12.103

Skýringar, frh.:

13. Langtímaskuldir, frh.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

	A og B hluti
Árið 2018	365
Árið 2019	369
Árið 2020	373
Árið 2021	376
Árið 2022	380
Síðar	10.605
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	12.468

Veðsetningar

Íbúðir í eigu leigubúða að bókfærðu virði 76,2 millj. kr. eru veðsettar fyrir skuldum að eftirstöðum 12,5 millj. kr. í árslok 2017.

14. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
Aðalsjóður	100%	586.640	52.803	533.836
Eignasjóður	100%	385.954	303.201	82.753
Innri færslur A hluta		(303.201)	(303.201)	0
A hluti samtals		669.392	52.803	616.589
Fráveita	100%	14.772	0	14.772
Leigubúðir	100%	76.190	86.556	(10.366)
Innri færslur A og B hluta		(84.010)	(84.010)	0
Samtals		676.344	55.350	620.995

15. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum:

Hafnasamlag Norðurlands b.s.
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar b.s.
Eyþing
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Sveitarfélagið ber hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaganna og samstarfsverkefnanna miðað við íbúatölu.

16. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila ná eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

17. Önnur mál

Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A deildar

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Í febrúar 2018 samþykkti sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds og var samkomulagið undirritað í febrúar 2018. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.

Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur heildarframlagið 18,2 millj. kr. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð.

Skipting þess er eftirfarandi:

- 5,2 millj. kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi, framlagið er gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 11,8 millj. kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingu vegna lífeyrisauka, framlagið er gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 1,3 millj. kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð, framlagið er gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Gjaldfærðar eru 5,4 millj. kr. meðal launa og launatengdra gjalda á árinu 2017 vegna þessa og fjárhæðin færð sem skammtímaskuld í árslok 2017.

Greiðsla heildarframlags á sér stað í upphafi árs 2018 og fjármagnaði sveitarfélagið uppgjörið með handbæru fé. Fyrirframgreiðslu vegna framlaga í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð að fjárhæð 12,8 millj. kr. er heimilt að draga frá við útreikning á skuldaviðmiði sbr. breytingu á reglugerð nr. 502/2012.

Akureyrarbær hefur gert kröfu um að sveitarfélagið taki þátt í greiðslu á kröfum frá Brú lífeyrissjóði vegna verkefna sem sveitarfélagið tekur þátt í með Akureyrarbæ. Fjárhæð kröfunnar liggur ekki fyrir.

Skýringar, frh.:

18. Lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs:

	Áætlun		Ársreikningar			
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlagi:						
Jafnvægisregla - rekstrarjöfnuður	40.263	47.749	13.676	15.078	38.850	49.651
Skuldaviðmið, skv. reglugerð	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	6,8 %	8,2 %	9,9 %	8,5 % (2,7%)		9,0 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	3,9 %	5,6 %	5,4 %	2,0 % (4,8%)		8,3 %
Veltufé frá rekstri	8,8 %	10,5 %	11,0 %	7,6 %	1,2 %	13,5 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárm.....	10,1 %	10,2 %	5,6 %	8,8 %	25,7 %	11,0 %
Skuldahlutfall - skuldir/rekstrartekjur.....	12,0 %	14,2 %	15,5 %	11,5 %	13,3 %	11,2 %
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við						
veltufé frá rekstri, mælt í árum	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við						
afborganir skulda og skuldbindinga.....	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Veltufjárhlutfall.....	3,69	3,31	3,10	5,30	5,76	9,20
Eiginfjárhlutfall.....	93,3%	92,1%	91,2%	93,7%	94,0%	95,2%
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Útsvar	60,5 %	58,8 %	61,9 %	61,7 %	61,9 %	57,5 %
Fasteignaskattur	9,5 %	8,8 %	7,5 %	7,7 %	8,3 %	8,5 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	23,3 %	25,2 %	22,2 %	22,8 %	22,8 %	25,8 %
Skatttekjur samtals.....	93,3 %	92,8 %	91,6 %	92,2 %	93,0 %	91,9 %
Aðrar tekjur	6,7 %	7,2 %	8,4 %	7,8 %	7,0 %	8,1 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld.....	(59,6%)	(56,1%)	(50,7%)	(53,2%)	(60,6%)	(56,6%)
Annar rekstrarkostnaður.....	(33,5%)	(35,7%)	(39,5%)	(38,3%)	(42,1%)	(34,4%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	6,8 %	8,2 %	9,9 %	8,5 % (2,7%)		9,0 %
Afskriftir.....	(5,5%)	(5,2%)	(5,4%)	(5,5%)	(6,0%)	(5,5%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	2,5 %	2,6 %	1,0 %	(1,0%)	3,8 %	4,7 %
Rekstrarniðurstaða.....	3,9 %	5,6 %	5,4 %	2,0 % (4,8%)		8,3 %

Skýringar, frh.:

18. Lykiltölur, frh.

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
Í þúsundum króna á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur.....	677	718	745	717	608	599
Aðrar tekjur	49	56	68	61	46	53
Laun og launatengd gjöld	(433)	(434)	(412)	(413)	(396)	(369)
Annar rekstrarkostnaður	(243)	(276)	(321)	(298)	(275)	(224)
Afskriftir.....	(40)	(40)	(44)	(43)	(39)	(36)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	18	20	8	(8)	25	31
Rekstrarniðurstaða.....	28	44	44	16	(32)	54
Efnahagur:						
Eignir.....	1.305	1.389	1.437	1.415	1.434	1.515
Eigið fé.....	1.218	1.279	1.311	1.326	1.347	1.442
Skuldir og skuldbindingar.....	87	110	126	90	87	73
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri.....	64	82	90	59	8	88
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar).....	64	100	106	71	(20)	85
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárm.....	73	79	46	68	168	72
Íbúafjöldi:						
Íbúafjöldi 1. desember.....	482	482	451	429	413	395

Skýringar, frh.:

18. Lykiltölur, frh.

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs:

	Áætlun		Ársreikningar			
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:						
Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður	41.242	47.704	18.773	19.604	42.534	52.021
Skuldaviðmið, skv. reglugerð	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %	0,0 %
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	8,3 %	9,0 %	10,6 %	9,0 % (1,7%)		10,4 %
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)	3,1 %	4,6 %	6,0 %	2,4 % (4,1%)		8,7 %
Veltufé frá rekstri	9,3 %	10,8 %	11,7 %	8,0 %	2,0 %	14,5 %
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárm.....	9,9 %	10,0 %	29,8 %	12,9 %	25,3 %	8,6 %
Skuldahlutfall - skuldir/rekstrartekjur.....	12,9 %	14,6 %	16,8 %	13,5 %	15,0 %	13,9 %
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við						
veltufé frá rekstri, mælt í árum	0,37	0,30	0,28	0,46	2,28	0,33
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við						
afborganir skulda og skuldbindinga.....	91,08	114,11	123,85	79,82	16,51	119,13
Veltufjárhlutfall.....	3,97	3,81	2,84	5,75	7,18	11,14
Eiginfjárhlutfall.....	92,8%	91,8%	90,6%	92,6%	93,2%	94,0%
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Útsvar	59,4 %	57,7 %	61,3 %	60,7 %	60,8 %	56,4 %
Fasteignaskattur	9,1 %	8,4 %	7,4 %	7,5 %	8,1 %	8,2 %
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	22,9 %	24,8 %	22,0 %	22,5 %	22,4 %	25,3 %
Skatttekjur samtals.....	91,4 %	90,8 %	90,7 %	90,7 %	91,3 %	89,9 %
Aðrar tekjur	8,6 %	9,2 %	9,3 %	9,3 %	8,7 %	10,1 %
Rekstrartekjur samtals	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %	100,0 %
Laun og launatengd gjöld.....	(58,5%)	(55,0%)	(50,2%)	(52,3%)	(59,5%)	(55,5%)
Annar rekstrarkostnaður.....	(33,2%)	(36,0%)	(39,3%)	(38,7%)	(42,2%)	(34,1%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	8,3 %	9,0 %	10,6 %	9,0 % (1,7%)		10,4 %
Afskriftir.....	(6,1%)	(5,7%)	(5,5%)	(5,6%)	(6,0%)	(5,6%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	1,0 %	1,4 %	0,9 %	(1,1%)	3,7 %	3,9 %
Rekstrarniðurstaða.....	3,1 %	4,6 %	6,0 %	2,4 % (4,1%)		8,7 %

Skýringar, frh.:

18. Lykiltölur, frh.

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs, frh.

	Áætlun		Ársreikningar			
	2017	2017	2016	2015	2014	2013
Í þúsundum króna á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur.....	676	716	744	717	608	598
Aðrar tekjur	64	72	76	74	58	67
Laun og launatengd gjöld	(433)	(434)	(412)	(413)	(396)	(369)
Annar rekstrarkostnaður	(246)	(284)	(322)	(306)	(281)	(227)
Afskriftir.....	(45)	(45)	(45)	(44)	(40)	(37)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	7	11	7	(9)	24	26
Rekstrarniðurstaða.....	23	37	49	19	(27)	58
Efnahagur:						
Eignir.....	1.318	1.403	1.466	1.446	1.458	1.541
Eigið fé.....	1.223	1.288	1.329	1.339	1.358	1.449
Skuldir og skuldbindingar.....	95	115	138	107	100	93
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	69	85	96	63	13	97
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar).....	69	103	113	75	(14)	93
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárm.....	73	79	244	102	168	57
Íbúafjöldi:						
Íbúafjöldi 1. desember.....	482	482	451	429	413	395

Skýringar, frh.:

18. Lykiltölur, frh.

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú árin. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

	2017	%	2016	%	2015	%
Aðalsjóður:						
Skatttekjur	351.572	100,0%	341.054	100,0%	312.451	100,0%
Félagsþjónusta	(17.818)	5,1%	(15.242)	4,5%	(14.848)	4,8%
Heilbrigðismál	(538)	0,2%	(2.446)	0,7%	(1.610)	0,5%
Fræðslu- og uppeldismál	(229.090)	65,2%	(211.793)	62,1%	(200.202)	64,1%
Menningarmál	(6.108)	1,7%	(5.592)	1,6%	(4.484)	1,4%
Æskulýðs- og íþróttamál	(24.994)	7,1%	(25.334)	7,4%	(21.732)	7,0%
Brunamál og almannavarnir	(5.604)	1,6%	(6.465)	1,9%	(6.288)	2,0%
Hreinlætismál	(8.607)	2,4%	(9.647)	2,8%	(9.543)	3,1%
Skipulags- og byggingarmál	(8.016)	2,3%	(4.338)	1,3%	(2.091)	0,7%
Umferðar- og samgöngumál	(11.319)	3,2%	(16.437)	4,8%	(18.234)	5,8%
Umhverfismál	(10.347)	2,9%	(14.822)	4,3%	(11.742)	3,8%
Atvinnumál	(1.497)	0,4%	(8.761)	2,6%	(2.155)	0,7%
Sameiginlegur kostnaður	(46.735)	13,3%	(40.334)	11,8%	(42.293)	13,5%
Breyting lífeyrisskuldbindinga	(5.449)	1,5%	0	0,0%	0	0,0%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	23.782	(6,8%)	18.914	(5,5%)	12.320	(3,9%)
Aðalsjóður samtals	(766)	(0,2%)	(1.243)	(0,4%)	(10.450)	(3,3%)
Aðrir sjóðir í A hluta:						
Eignasjóður	21.783	(6,2%)	21.189	(6,2%)	17.237	(5,5%)
A hluti samtals	21.017	6,0 %	19.946	5,8%	6.786	2,2%

Skýringar, frh.:

19. Samanburður fjárhagsáætlana

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2017 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Áætlun 2017 Upphafleg	Viðaukar við áætlun	Áætlun 2017 með viðaukum	Áætlun 2017 Upphafleg	Viðaukar við áætlun	Áætlun 2017 með viðaukum
Rekstrartekjur						
Skatttekjur án framl. Jöfnunarsj.	232.165	12.400	244.565	231.558	12.400	243.958
Framlög Jöfnunarsjóðs	77.665	4.000	81.665	77.665	4.000	81.665
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	23.555	0	23.555	30.729	0	30.729
	333.385	16.400	349.785	339.952	16.400	356.352
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	208.582	0	208.582	208.582	0	208.582
Annar rekstrarkostnaður	109.351	8.000	117.351	110.343	8.001	118.344
	317.933	8.000	325.933	318.925	8.001	326.926
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	15.452	8.400	23.852	21.027	8.399	29.426
Afskriftir	(19.110)	0	(19.110)	(21.665)	0	(21.665)
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(3.658)	8.400	4.742	(638)	8.399	7.761
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	8.789	0	8.789	3.439	0	3.439
Rekstrarniðurstaða	5.131	8.400	13.531	2.801	8.399	11.200

Skýringar, frh.:

19. Samanburður fjárhagssáætlana, frh.

Í neðangreindu yfirliti er gerð grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2017 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum. Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í sjóðstreymisyfirliti og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	A hluti			A og B hluti		
	Áætlun 2017 Upphafleg	Viðaukar við áætlun	Áætlun 2017 með viðaukum	Áætlun 2017 Upphafleg	Viðaukar við áætlun	Áætlun 2017 með viðaukum
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða	5.131	8.400	13.531	2.801	8.399	11.200
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi						
Afskriftir	19.110	0	19.110	21.665	0	21.665
Verðbætur langtímalíða	(1.922)	0	(1.922)	378	0	378
Veltufé frá rekstri	22.319	8.400	30.719	24.844	8.399	33.243
Handbært fé frá rekstri	22.319	8.400	30.719	24.844	8.399	33.243
Fjárfestingarhreyfingar						
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(18.400)	(17.000)	(35.400)	(18.400)	(17.000)	(35.400)
Söluverð rekstrarfjármuna	0	0	0	28.800	0	28.800
Eignarhlutir breyting	(800)	0	(800)	(800)	0	(800)
Langtímakr. á eigin fyrirt. breyting...	3.441	0	3.441	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(15.759)	(17.000)	(32.759)	9.600	(17.000)	(7.400)
Fjármögnunarhreyfingar						
Viðskiptast. eigin ft., breyting.....	27.518	0	27.518	0	0	0
Afborganir langtímalána	0	0	0	(365)	0	(365)
Fjármögnunarhreyfingar	27.518	0	27.518	(365)	0	(365)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé ..	34.078	(8.600)	25.478	34.079	(8.601)	25.478
Handbært fé í ársbyrjun.....	69.368	0	69.368	69.368	0	69.368
Handbært fé í árslok.....	103.446	(8.600)	94.846	103.447	(8.601)	94.846